



# F plús 4

Vátryggingarskilmálar nr. GH25

## Efnisyfirlit

I.	Almennur skilmáli .....	3
II.	Heimilistrygging .....	4
A.	Innbú .....	5
B.	Ábyrgðartrygging einstaklings .....	9
C.	Málskostnaðartrygging .....	11
III.	Áfallahjálp .....	13
IV.	Breytinga- og hjálpartækjakostnaður vegna slyss .....	14
V.	Innbúskaskó .....	14
VI.	Bilanatrygging raftækja .....	16
VII.	Fritímaslysatrygging .....	17
VIII.	Umönnunartrygging barna .....	20
IX.	Sjúkrahúslegutrygging .....	21
X.	Ferðatrygging (Valkvætt) .....	22
A.	Forfallatrygging .....	22
B.	Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis .....	23
C.	Farangurstrygging erlendis .....	25
D.	Farangurstafatrygging .....	26

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sér-skilmálum.
- Skilmálar þessir nr. GH 25.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

## I. Almennur skilmáli

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður og meðváttryggður
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Eigin áhætta
4. Tvíttrygging
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Brot á varúðarreglum
7. Greiðsla iðgjalds
8. Endurgreiðsla iðgjalds
9. Fyrning

### 1. Váttryggður og meðváttryggðir

---

- 1.1 Váttryggingartaki er váttryggður.
- 1.2 Meðváttryggður eru:
  - 1.2.1 Maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka og ógift börn þeirra, þ.m.t. fósturbörn, enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og váttryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.
  - 1.2.2 Börn váttryggingartaka og börn maka eða sambúðarmaka hans sem eru yngri en 18 ára þótt þau eigi lögheimili á Íslandi á öðrum stað en váttryggingartaki.

### 2. Váttryggingarfjárhæð

---

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna.
- 2.3 Hámarksbætur fyrir hvern váttryggðan í hverjum váttryggingaratburði, vegna einstaks tjóns, á váttryggingartímabilinu eða vegna einstaks hlutar, pars eða samstæðu kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2.4 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- 2.5 Nánari upplýsingar um váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar einstaklings, málskostnaðartryggingar og frítímaslysartryggingar má sjá í váttryggingarfjárhæðar kafla hverrar váttryggingar fyrir sig.

### 3. Eigin áhætta

---

- 3.1 Eigin áhætta kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ábyrgðartryggingar einstaklings ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 3.3 Þegar hámarksbætur eru tilgreindar sem krónutala eða sem % af váttryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

### 4. Tvíttrygging

---

Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Ákvæði þetta á ekki við um ábyrgðartryggingu

einstaklings, áfallahjálþ, frítímaslysaftryggingu, umönnunaftryggingu barna, sjúkrahúsleguftryggingu og farangurstafaftryggingu.

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

---

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalðar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 6. Brot á varúðarreglum

---

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Greiðsla iðgjalds

---

- 7.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 7.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Endurgreiðsla iðgjalds

---

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna bótaskylds tjóns.

## 9. Fyrning

---

- 9.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 9.2 Vegna annarra vátrygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## II. Heimilstrygging

Efnisyfirlit:

### A. Innbú

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Samsömun
5. Ákvörðun bóta
6. Undirtrygging

### B. Ábyrgðartrygging einstaklings

7. Vátryggingin gildir
8. Ábyrgðartími
9. Bótasvið
10. Varúðarreglur
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
13. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
14. Staða tjónþola við tjón

15. Meðferð bótakrafna

**C. Málskostnaðartrygging**

16. Vátryggingin gildir
17. Ábyrgðartími
18. Bótasvið
19. Val á málflytjanda
20. Ákvörðun bóta
21. Vátryggingarfjárhæð
22. Endurkrafa

## A. Innbú

### 1. Vátrygðir hagsmunir

---

**Vátryggingin tekur til:**

- 1.1 Innbús sem er í eigu vátryggðu.

**Með innbúi er átt við:**

- 1.1.1 Almenn innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi. Úr og skartgripir bætast með allt að 10% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.  
  
Lausafjármunir sem eiga að tilheyra brunabótamati húseignar skv. lögum og reglugerðum, geta aldrei fallið undir skilgreininguna almenn innbú í þessari vátryggingu.
- 1.1.2 Sérgreint innbú, þ.e. peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast með allt að 2% af vátryggingarfjárhæð innbúsins hver liður, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.
- 1.2 Gleraugna, gervitanna og heyrnartækja í eigu og notuð eru af hinum vátryggðu.
- 1.3 Verkfæra, varahluta, áhalda og búnaðar er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.
- 1.4 Eins umgangs sumar- eða vetrarhjólbarða undir hvern einkabíl sem skráður er á vátryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu.
- 1.5 Auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu vátryggðu og eru til einkaafnota, geymd í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Hámarksbætur eru 2% af vátryggingarfjárhæð í hverjum tjónsatburði.
- 1.6 Eftirfarandi sérgreindra tómstundaáhalda og fylgihluta þeirra enda skal taka tillit til verðmæta þessara hluta við ákvörðun vátryggingarfjárhæðar innbús:
  - 1.6.1 Sæþota, seglbretta, kajaka, kanóa, árabáta með eða án utanborðsmótors.
  - 1.6.2 Slöngubátar og aðrir sambærilegir bátar undir 5 metrum að lengd.
  - 1.6.3 Svífvængja, með eða án mótors og svífdreka án mótors.
  - 1.6.4 Golfbíla.
  - 1.6.5 Fallhlífa- og kafarabúnaðar.
  - 1.6.6 Drónar.
  - 1.6.7 Fis drekar án mótors og fis vængir með eða án mótors.

### 2. Vátryggingin gildir

---

- 2.1 Vátryggingin gildir á skráðu lögheimili vátryggingartaka en tekur þó einnig til:
  - 2.1.1 Almenns innbús, sbr. gr. 1.1.1, sem í allt að 90 daga er utan lögheimilis vátryggingartaka hérlendis, en vátrygging á slíkum hlutum takmarkast þó við 15%.
  - 2.1.2 Innbús sbr. gr. 1.1 sem varanlega er staðsett í geymslu utan lögheimilis vátryggingartaka hérlendis, en takmarkast þó við 15% af vátryggingarfjárhæðinni.
  - 2.1.3 Innbús sbr. gr. 1.1 sem flutt er í geymslu vegna flutninga eða framkvæmda á heimili vátryggðs í allt að 12 mánuði frá upphafi geymslutímabils.

- 2.1.4 Vátryggingin tekur einnig til sérgreindra tómstundaáhalda sbr. grein 1.6 sem eru utan lögheimilis vátryggingartaka hérlendis en vátrygging á slíkum hlutum takmarkast þó við 20% af vátryggingarfjárhæðinni þegar þeir eru utan lögheimilis.

### 3. Bótasvið

---

#### 3.1 Eldsvoði, elding og sprenging

##### Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 3.1.2 Eldingar.
- 3.1.3 Sprengingar.

##### Vátryggingin bætir ekki:

- 3.1.4 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.

##### Varúðarregla:

- 3.1.5 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

#### 3.2 Sótfall

##### Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

##### Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- 3.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

#### 3.3 Viðbótarkostnaður vegna innbústjóns

##### Vátryggingin bætir:

- 3.3.1 Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanagerar.
- 3.3.2 Nauðsynlegan flutning eða geymslu á innbúi í sambandi við bótaskýlt tjón.
- 3.3.3 Muni sem skemmast við ofangreindar aðgerðir.

#### 3.4 Vatn, gufa og olía

##### Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 3.4.1 Vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins.
- 3.4.2 Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmum eða fiskabúrum vegna bilana.
- 3.4.3 Vatns sem flæðir úr hreinlætistöskjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum.
- 3.4.4 Leka frá frystikistum og kælikápum, þó ekki á tækjunum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára.
- 3.4.5 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

##### Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- 3.4.6 Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 3.4.7 Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

##### Varúðarreglur:

- 3.4.8 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti til að fyrirbyggja frostskemmdir.
- 3.4.9 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

#### 3.5 Þjófnaður

##### Vátryggingin bætir tjón vegna:

- 3.5.1 Þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannaust eru hámarksbætur 5% af vátryggingarfjárhæðinni og tekur við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frímerkjasöfnum.

3.5.2 Þjófnaðar úr sumarhúsi, hjólhýsi, veiðihúsi, bifreið, einkabáti, einkaloftfari, bílskúr eða geymslu utan íbúðarhúsnæðis, með allt að 5% af váttryggingarfjárhæðinni. Þó takmarkast bætur vegna þjófnaðar á sérgreindum tómstundaáhöldum sbr. 1.6 við allt að 20% af váttryggingarfjárhæðinni.

3.5.3 Þjófnaðar úr grunnskóla, með allt að 5% af váttryggingarfjárhæðinni. Ákvæði þetta á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, frístundaheimilium og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara eða starfsmanna.

3.5.4 Þjófnaðar á reiðhjól, léttu bifhjól í flokki I skv. skilgreiningu umferðalaga, barnavagni og barnakerru. Greiðsluskylda félagsins miðast við allt að 1% af váttryggingarfjárhæð, nema framvísað sé ábyrgðarskírteini eða greiðslukvittun sem sannar hærra verðmæti hinna váttrygðu hluta.

**Varúðarreglur:**

3.5.5 Læsa skal íbúðarhúsum, sumarhúsum, veiðihúsum, hjólhúsum, bílskúrum, geymslum, bifreiðum, bátum og loftföllum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Váttryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannaust.

3.5.6 Váttryggður skal læsa reiðhjól og léttu bifhjól í flokki I þegar hann skilur við það og geyma skal lykla á öruggum stað.

3.5.7 Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða fataskápum í grunnskóla eða öðru húsnæði tilheyrandi grunnskólakennslu, svo sem íþróttahúsum og sundstöðum.

**3.6 Rán**

Váttryggingin bætir tjón af völdum rans þegar hinir váttryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

**3.7 Skemmdarverk**

**Váttryggingin bætir tjón af völdum:**

3.7.1 Skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.

**Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum skemmdarverka:**

3.7.2 Váttryggðs sjálfs.

3.7.3 Maka váttryggðs.

3.7.4 Einstaklings sem váttryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.

3.7.5 Á munum sem voru utan dyra annars staðar en við lögheimili váttryggðs.

**3.8 Brot eða hrun**

**Váttryggingin bætir tjón af völdum:**

3.8.1 Brots eða hruns á innbúi á lögheimili váttryggðu vegna tilfallandi bilana.

**Váttryggingin bætir ekki tjón:**

3.8.2 Á verkfærum, gleraugum, gervitönnum, heyrnartækjum og úrum sem verður vegna brots eða hruns.

3.8.3 Af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun.

3.8.4 Vegna brots eða hruns af manna völdum.

**Varúðarregla:**

3.8.5 Váttryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir samkvæmt notkunarleiðbeiningum.

**3.9 Umferðaróhapp**

Váttryggingin bætir tjón af völdum umferðaróhapps á innbúi sem er inni í bifreiðinni sjálfri.

**3.10 Suða (ofhitun)**

**Váttryggingin bætir tjón:**

3.10.1 Á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal váttryggður leggja fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilunarlýsingu viðgerðarmanns.

**Varúðarregla:**

3.10.2 Váttryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél og þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

**3.11 Ófyrirséð stöðvun á kælikerfi frystikistu eða kælikáps**

**Váttryggingin bætir tjón:**

3.11.1 Á matvælum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikáps, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Bætur geta numið allt að 2% af váttryggingarfjárhæðinni.

3.11.2 Á frystikistunni eða kælisráðgjafi sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngra en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

**Varúðarregla:**

3.11.3 Vátryggður skal sjá til þess að notkun tækja sem undir þennan tölulið falla sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

### 3.12 Skammhlaup

**Vátryggingin bætir tjón:**

3.12.1 Vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

3.12.2 Á tækjum sem eru eldri en 10 ára.

3.12.3 Sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til.

3.12.4 Sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.

**Varúðarregla:**

3.12.5 Vátryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sem falla undir þennan tölulið sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

### 3.13 Skyndilegur snjóþungi

**Vátryggingin bætir tjón af völdum:**

3.13.1 Skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignar.

**Vátryggingin bætir ekki tjón:**

3.13.2 Sem rekja má til byggingargalla.

### 3.14 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

### 3.15 Loftför

Vátryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

## 4. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 5. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 3.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 3.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 5.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 3.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 3.5 Þrátt fyrir gr. 5.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%, sbr. þó 5.5.1 og 5.5.2.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskr. á ári
Fatnaður	1 ár	20%
Húsgögn	1 ár	10%
Hljómflutningstæki	1 ár	10%
Myndavélar	1 ár	20%
Sjónvörp og spilarar	1 ár	20%



Reiðhjól og léttbifhjól í flokki I	1 ár	10%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	20%
Gleraugu	1 ár	10%
Heyrnatæki	1 ár	20%
Práðlausir hátalarar	1 ár	20%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%

5.5.1 Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 2 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallúr, snjallsímar og aðrir farsímar ásamt fylgihlutum	6. mánaða fresti	25%

5.5.2 Eftirtaldir munir afskrifast að fullu eftir 5 ár:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Spjaldtölvur og lófátölvur ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	25%
Borðtölvur og fartölvur ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	25%

- 5.6 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 5.7 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 5.8 Minjagildi bætist ekki.
- 5.9 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.
- 5.10 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

## 6. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti vátryggðra muna meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

### B. Ábyrgðartrygging einstaklings

#### Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

## 7. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

## 8. Ábyrgðartími

---

- 8.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 8.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 8.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

## 9. Bótasvið

---

### Vátryggingin bætir:

- 9.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
  - 9.1.1 Þrátt fyrir gr. 9.8.1 nær ábyrgðartryggingin yfir létt bifhjól í flokki I og reiðhjól sem eru ekki vátryggingarskyld skv. umferðarlögum.
- 9.2 Án tillits til skaðabótaábyrgðar vátryggðs að lögum, beint líkams- eða munatjón þriðja manns sem vátryggður kann að valda við golfiðkun á golfvelli eða á æfingavæði við golfvöll. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- 9.3 Án tillits til skaðabótaábyrgðar að lögum beint líkams- eða munatjón þriðja manns sem börn vátryggingartaka, maka hans eða sambúðarmaka, yngri en 10 ára valda. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Vátryggingavernd skv. grein þessari gildir ekki, þegar barn er aðili að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.

### Vátryggingin bætir ekki:

- 9.4 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 9.5 Tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum.
- 9.6 Tjón sem verður vegna atvinnu vátryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf sem vátryggður vinnur gegn endurgjaldi.
- 9.7 Tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- 9.8 Tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda:
  - 9.8.1 Fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla. Vátryggingin nær til þeirra hluta sem tilgreindir eru í gr. 1.6 í heimilistryggingarkafla þessarar vátryggingar og eru í eigu vátryggðu, þó ekki til ábyrgðar vegna dróna.
  - 9.8.2 Hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.

### Áhættu samkvæmt gr. 9.8 er hægt að vátryggja sérstaklega.

- 9.9 Tjón vegna skotvopna sem vátryggður hefur ekki skotvopnaleyfi fyrir.
- 9.10 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 9.11 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 9.12 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 9.13 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
- 9.14 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

## 10. Varúðarreglur

---

Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

## 11. Vátryggingarfjárhæð

---

- 11.1 Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

- 11.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu váttryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni.
- 11.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða. Utan Norðurlanda takmarkast bótaskyldan við váttryggingarfjárhæðina.

## 12. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

---

Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 13. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

---

- 13.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 13.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 13.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 13.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 13.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

## 14. Staða tjónþola við tjón

---

- 14.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 14.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 14.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málishöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 14.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 15. Meðferð bótakrafna

---

- 15.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 15.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

## C. Málskostnaðartrygging

### Inngangur

Hlutverk málskostnaðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði váttryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið. Félaginu ber skylda til að tilkynna váttryggðum hvort málið falli undir málskostnaðartrygginguna eftir að fullnægjandi upplýsingar hafa borist um málið.

## 16. Váttryggingin gildir

---

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi.

## 17. Ábyrgðartími

---

- 17.1 Vátryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu, enda hafi hún þá verið í gildi hjá félaginu að minnsta kosti í tvö ár samfleytt. Hafi vátryggður haft samskonar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.
- 17.2 Þrátt fyrir ákvæði gr. 17.1 getur vátryggður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að vátryggingin tók gildi.
- 17.3 Ef vátryggður hefur ekki lengur málskostnaðar-tryggingu eða sambærilega vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr vátryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

## 18. Bótasvið

---

### Vátryggingin bætir málskostnað:

- 18.1 Vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Sé um að tefla ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi tekur vátryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó því aðeins að endurupptaka sé heimilud og skilyrði 17. gr. séu fyrir hendi. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

### Vátryggingin bætir ekki málskostnað:

- 18.2 Vegna sakamála.
- 18.3 Vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.
- 18.4 Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.
- 18.5 Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.
- 18.6 Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í þ.m.t. lánsveð í fasteignum.
- 18.7 Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- 18.8 Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- 18.9 Sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.
- 18.10 Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framantöldu.
- 18.11 Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- 18.12 Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg.
- 18.13 Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- 18.14 Sem varðar ágreining vátryggðs við félagið.
- 18.15 Sem varðar mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga, þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

## 19. Val á málflytjanda

---

Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis félagsins.

## 20. Ákvörðun bóta

---

- 20.1 Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef vátryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.

- 20.2 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir váttryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.
- 20.3 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar ber váttryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd lögmanna samkvæmt 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998.

**Félagið greiðir:**

- 20.4 Þóknun lögmanns og kostnað.
- 20.5 Kostnað við að afla álitserða ef lögmaður váttryggða biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar.
- 20.6 Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum.
- 20.7 Réttargjöld.
- 20.8 Málskostnað sem váttryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls.
- 20.9 Málskostnað sem váttryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

**Félagið greiðir ekki:**

- 20.10 Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað eða annan kostnað váttryggðs.
- 20.11 Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- 20.12 Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmenn eða skipt er um lögmann.
- 20.13 Aukakostnað sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.
- 20.14 Hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar til stefnufjárhæðar, ef hún er til staðar, en annars sem svarar til fjárhæðar þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um en þó aldrei hærri bætur en váttryggingarfjárhæð.

## 21. Váttryggingarfjárhæð

- 21.1 Nú tekur sami lögmaður og/eða sama lögmennsstofa að sér mál, þar sem fimm eða fleiri váttryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmuna að gæta og málarekstur þeirra uppfyllir skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um samlagsaðild og/eða málsóknarfélög, þá greiðir félagið aldrei herra hlutfall af váttryggingarfjárhæð málskostnaðar sem kemur fram, á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, en sem kemur fram í töflunni hér á eftir:

Fjöldi	Hlutfall
5-15	80%
16-30	65%
31-50	40%
51+	30%

## 22. Endurkrafa

Að svo miklu leyti sem bætur vegna váttryggingarinnar hafa verið greiddar eignast félagið rétt hins váttryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

## III. Áfallahjálp

**Efnisyfirlit:**

1. Váttryggðin gildir
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta

### 1. Váttryggingin gildir

- 1.1 Váttryggingin gildir á Íslandi.

- 1.2 Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

## 2. Bótasvið

---

Félagið greiðir fyrir áfallahjálp vátryggðs skv. gr. 2.1 til 2.4. Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að tjónsatvikið, sem orsakar að vátryggður þurfi á áfallahjálp að halda, sé bótaskylt og greitt skv. einhverjum kafla F plús vátryggingarinnar:

- 2.1. Brotist er inn á heimili vátryggðs.
  - 2.2. Heimili vátryggðs verður fyrir verulegu eignatjóni.
  - 2.3. Þegar vátryggðum munum er rænt af hinum vátryggðu, það er, þegar þeir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr almennra hegningarlaga nr. 19/1940
  - 2.4. Einhver hinna vátryggðu lendir í alvarlegu slysi
- Félagið greiðir ekki bætur:**
- 2.5. Vegna tjónsatvika sem áttu sér stað áður en vátryggður öðlaðist vátryggingarvernd vegna áfallahjálpar.

## 3. Ákvörðun bóta

---

- 3.1. Félagið greiðir kostnað við allt að 4 klukkustunda samtalsmeðferð á starfsstöð meðferðaraðila á Íslandi. Meðferðin skal hefjast innan 6 vikna frá tjónsatburði og vera lokið innan 6 mánaða.
- 3.2. Félagið greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur.
- 3.3. Samþykki félagsins er nauðsynlegt áður en aðstoðar er leitað.

## IV. Breytinga- og hjálpartækjakostnaður vegna slyss

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Ákvörðun bóta
3. Greiðsla bóta

### 1. Bótasvið

---

Greiddur er kostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði vátryggingartaka og/ eða nauðsynlegra hjálpartækja í kjölfar bótaskylds slyss er veldur varanlegri læknisfræðilegri örorku samkvæmt frítímaslysátryggingarkafli þessarar vátryggingar.

### 2. Ákvörðun bóta

---

- 2.1. Við greiðslu bóta skal skila inn reikningum. Á reikningi þarf að koma fram hvaða framkvæmdir voru gerðar á húsnæði og hvers konar hjálpartæki voru keypt.
- 2.2. Allar breytingar og kaup á hjálpartækjum skulu vera gerð í samráði við félagið.

### 3. Greiðsla bóta

---

Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna hvers vátryggðs eða meðvátryggðs úr þessum kafla vátryggingarinnar.

## V. Innbúskaskó

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Varúðarreglur
5. Samsömun
6. Ákvörðun bóta

## Inngangur

Vátryggingin bætir tjón á innbúi sem er ekki bótaskyld samkvæmt heimilis- eða farangurstryggingu í fjölskylduþryggingunni. Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem er bótaskyld samkvæmt sömu vátryggingum jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar.

## 1. Vátryggðir hagsmunir

---

Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1, 1.2 og sérgreindra tómstundaáhalda, sbr. gr. 1.6 í innbúskafla í heimilistryggingu fjölskylduþryggingarinnar.

## 2. Vátryggingin gildir

---

- 2.1 Vátryggingin gildir á Íslandi.
- 2.2 Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur ef ferðatryggingin er innifalin í vátryggingunni.

## 3. Bótasvið

---

### Vátryggingin bætir:

- 3.1 Vátryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum fjölskylduþryggingarskilmálans eða eru undanskilin samkvæmt gr. 3.2 til 3.7 hér á eftir.

### Vátryggingin bætir ekki:

- 3.2 Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 3.3 Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar eða innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- 3.4 Tjón sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- 3.5 Tjón sem rekja má til myglu.
- 3.6 Tjón vegna þjófnaðar.
- 3.7 Tjón vegna dýra.

## 4. Varúðarreglur

---

- 4.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 4.2 Vátryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.
- 4.3 Vátryggður skal ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

## 5. Samsömun

---

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 6. Ákvörðun bóta

---

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 6.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 6.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 6.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

- 6.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 6.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 6.6 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 6.7 Minjagildi bætist ekki.
- 6.8 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 6.9 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

## VI. Bilanatrygging raftækja

### Efnisyfirlit:

1. Váttryggðir hagsmunir
2. Váttryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Varúðarreglur
5. Samsömun
6. Ákvörðun bóta

### 1. Váttryggðir hagsmunir

---

- 1.1 Raftæki yngri en 4. ára sem eru í eigu váttryggðs og tilheyra almennu heimilishaldi.
- 1.2 Váttryggingin tekur ekki til raftækja sem notuð eru í atvinnustarfsemi.
- 1.3 Váttryggingin tekur ekki til raftækja sem að staðaldri eru utan lögheimilis váttryggingartaka svo sem í sumarbústöðum, bátum, hjólhýsum, loftförum og bifreiðum.
- 1.4 Váttryggingin tekur ekki til farsíma, rafmagnsverkfæra, rafmagnsleikfanga og fylgihluta þeirra.

### 2. Váttryggingin gildir

---

- 2.1 Váttryggingin gildir á Íslandi.
- 2.2 Váttryggingin gildir á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur ef ferðatryggingin er innifalin í váttryggingunni.

### 3. Bótasvið

---

- 3.1 Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða af völdum innri bilana.

#### Váttryggingin bætir ekki tjón:

- 3.2 Sem orsakast af hita og/eða rakabreytingum.
- 3.3 Sem rekja má til eðlilegs slits vegna notkunar, ryðs og tæringar.
- 3.4 Vegna mynddepilsbreytinga (pixel) ef það rýrir ekki notagildi hins váttryggða.
- 3.5 Sem verða við viðgerð eða viðhald.
- 3.6 Sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
- 3.7 Vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- 3.8 Vegna vírusa.
- 3.9 Sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- 3.10 Á neyslúvörum sem samkvæmt eðli sínu eyðast s.s. rafhlöður, rafgeymir, ljósaperu, prenthaus, prenthylki, prentduft, filmur, minnikort, hleðslutæki, handfrjáls búnaður, móttökubúnaður, hljóð- eða myndband.



## 4. Varúðarregla

---

Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins vátryggða.

## 5. Samsömun

---

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 6. Ákvörðun bóta

---

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýju tæki, sambærilegu því sem skemmdist.
- 6.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað tækinu til viðgerðar hjá viðgerðaraðila sem það samþykkir og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það þannig að tækið verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 6.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað nýtt tæki, sömu tegundar og gerðar, ef það er ekki hægt, þá með samsvarandi nýju tæki, ef tækið skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til tækisins sem skemmdist.
- 6.4 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 6.1 er félaginu heimilt að afskrifa verðmæti tækis um 15% á ári eftir að tækið er orðið 3 ára.
- 6.5 Áður en bætur eru ákvarðaðar verður vátryggður að framvísa ábyrgðarskírteini vegna vátryggðs tækis.

## VII. Frítímaslysáttrygging

Efnisyfirlit:

1. Vátryggingin gildir
2. Hugtakið slys
3. Bótasvið
4. Vátryggingarfjárhæð
5. Ákvörðun bóta

### 1. Vátryggingin gildir

---

- 1.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 1.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. almenns skilmála gildir vátryggingin fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði eftir brottför frá Íslandi haldi námsmaður lögheimili sínu á Íslandi.

### 2. Hugtakið slys

---

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

### 3. Bótasvið

---

- 3.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, í ólaunuðu námi eða almennar íþróttaiðkanir, ef það leiðir til:
  - 3.1.1 Andláts.
  - 3.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
  - 3.1.3 Tímabundins missis starfsorku.
  - 3.1.4 Tannbrots.

Félagið greiðir einnig innlendan sjúkrakostnað:

- 3.2 Ef bætur eru greiddar vegna varanlegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku greiðir félagið einnig innlendan sjúkrakostnað vegna sama slyss. Sjúkrakostnaður greiðist þó ekki fyrr en greiðsla vegna tímabundins missis starfsorku eða vegna örorku fer fram. Hámarksbætur í hverju einstöku tjóni koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2.1 Þrátt fyrir ákvæði 3.2 er greiddur innlendum sjúkrakostnaður vegna slysa hjá börnum yngri en 16 ára þó að varanleg örorka sé ekki til staðar, þó ekki vegna slysa er falla undir bótalið 3.1.4.
- 3.2.2 Innlendum sjúkrakostnaður greiðist eingöngu gegn framvísun reiknings. Með innlendum sjúkrakostnaði er átt við kostnað sem viðurkenndur er af Sjúkratryggingum Íslands.
- 3.2.3 Þrátt fyrir ákvæði 3.3 greiðir félagið bætur vegna slyss sem verður að völdum létt bifhjól í flokki I skv. umferðarlögum.
- Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:**
- 3.3 Af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi eða vélknúins ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögboðið er að váttryggja vegna slíkra slysa.
- 3.4 Í keppni eða við æfingu til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum ef váttryggður hefur náð 16 ára og aldri. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.
- Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólreiðum, þríþraut, víðavangs- og götuhlaupi.
- 3.5 Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
- 3.6 Í akstursíþróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
- 3.7 Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- 3.8 Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
- 3.9 Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
- Áhættu samkvæmt gr. 3.4 til 3.9 er hægt að váttryggja sérstaklega.**
- 3.10 Í loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 3.11 Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- 3.12 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 3.13 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 3.14 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 3.15 Af völdum kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja.
- 3.16 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- 3.17 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 3.18 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
- 3.19 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 3.20 Á beinni leið til og frá vinnu.

## 4. Váttryggingarfjárhæð

- 4.1 Sé váttryggður 70 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundruðshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæðum:

Aldur	Prósenta
70 ára	80%
71 árs	60%
72 ára	50%
73 ára	40%
74 ára	40%
75 ára	30%

76 ára	30%
77 ára og eldri	20%

- 4.2 Börn yngri en 16 ára eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 4.3 Bætur reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdagi eins og hér segir:
  - 4.3.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdagi til dánardags.
  - 4.3.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdagi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdagi.
  - 4.3.3 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdagi meðan starfsorkumissir varir.

## 5. Ákvörðun bóta

### 5.1 Dánarbætur

- 5.1.1 Látist váttryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdagi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt váttryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
- 5.1.2 Hafi váttryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu.
- 5.1.3 Ef váttryggður deyr af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdagi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, en þó aldrei hærri fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið.
- 5.1.4 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti váttryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.
- 5.1.5 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 5.1.6 Dánarbætur greiðast maka váttryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

### 5.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 5.2.1 Valdi slyss váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur.
- 5.2.2 Örorkuna skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 5.2.3 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdagi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 325% af grunnváttryggingarfjárhæð.
- 5.2.4 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 5.2.5 Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
- 5.2.6 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 5.2.7 Leiði slyss til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

### 5.3 Bætur fyrir tímabundnum missi starfsorku

- 5.3.1 Valdi slyss váttryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis eða starfsorkumissirinn er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati. Dagpeningar greiðast þó aldrei lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdagi.
- 5.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskríteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdagi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

- 5.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 5.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 5.3.5 Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.
- 5.4 Bætur vegna tannbrots**
- 5.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 5.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 7,5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 11,5% af sömu fjárhæð.
- 5.4.3 Félagið bætir þó ekki tannbrot sem verða við vinnuslyss, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem verða þegar vátryggður matast.
- 5.5 Félaginu er heimilt að láta lækni, að vali félagsins, skoða vátryggðan.
- 5.6 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.
- 5.7 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

## VIII. Umönnunartrygging barna

### Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Ákvörðun bóta

### Inngangur

Félagið greiðir bætur þegar barn yngra en 16 ára sem nýtur vátryggingarverndar samkvæmt 1. gr. almenna skilmálans verður að dveljast lengur en 5 daga samfelt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms eða slyss samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans. Bæturnar eru greiddar forráðamanni barnsins.

### 1. Bótasvið

---

#### Félagið greiðir:

- 1.1 Bætur fyrir hvern dag frá komudegi ef sjúkdómur eða slys hefur í för með sér að barn verður að dvelja á sjúkrahúsi 5 daga samfelt eða lengur.
  - 1.1.1 Bótatími er lengstur 180 dagar vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstílfellið.
  - 1.1.2 Ef bætur hafa verið greiddar samkvæmt gr. 1.1 og barnið fer aftur á sjúkrahús innan tólf mánaða frá lokum fyrri sjúkrahúsdvalar vegna sama sjúkdóms eða slyss á forráðamaður barnsins rétt til bóta frá komudegi ef bótadagarnir 180 eru ekki fullnýttir.
- 1.2 Kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins

#### Félagið greiðir ekki bætur:

- 1.3 Vegna sjúkdóma sem eru fyrir hendi við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu.
- 1.4 Vegna sjúkdóma sem voru til staðar þegar vátryggingin var tekin eða til slysa sem áttu sér stað áður en vátryggingin var tekin.
- 1.5 Vegna sjúkdóma eða slysa sem áttu sér stað áður en barnið öðlaðist vátryggingarvernd samkvæmt vátryggingunni.
- 1.6 Vegna sjúkrahúsdvalar eftir að vátryggingin er úr gildi fallin.

### 2. Ákvörðun bóta

---

- 2.1 Áður en hægt er að taka ákvörðun um bætur vegna sjúkdóms eða slyss verður að liggja fyrir vottorð læknis um hvenær sjúkdómurinn var fyrst greindur eða hvenær og hvernig slys átti sér stað.
- 2.2 Bætur eru greiddar forráðamanni barns þegar fyrir liggur skrifleg staðfesting frá sjúkrahúsi um lengd og ástæðu sjúkrahúsdvalar barnsins.

## IX. Sjúkrahúslegutrygging

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggingin gildir
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
3. Aldurstakmörk

### Inngangur

Félagið greiðir bætur þegar sá sem nýtur vátryggingarverndar samkvæmt 1. gr. almenna skilmálans verður að dveljast lengur en 5 sólarhringa samfellt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans.

### 1. Vátryggingin gildir

---

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

### 2. Bótasvið

---

#### Félagið greiðir:

- 2.1 Bætur fyrir hvern sólarhring umfram 5 sólarhringa sem vátryggður verður að dvelja samfellt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss.
  - 2.1.1 Bótatími er lengstur 180 dagar vegna sama sjúkdóms, veikinda eða slyss. Sjúkdómar með lækisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstílfellið.
- 2.2 Kostnað vegna nauðsynlegra lækisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir einnig bætur vegna brjóstauppbýggingar sem framkvæmd er í framhaldi af brjóstafjarlægingu vegna krabbameins. Lagfæring á brjóstagræðslu sem þegar er til staðar fellur ekki undir vátrygginguna.

#### Félagið greiðir ekki bætur fyrir sjúkrahúsvistun vegna:

- 2.3 Sjúkdóma/veikinda sem fyrst höfðu sýnt einkenni áður en vátryggingin var tekin eða vátryggður öðlaðist vátryggingarvernd samkvæmt vátryggingunni.
- 2.4 Slyss sem átti sér stað áður en vátryggingin var tekin eða vátryggður öðlaðist vátryggingarvernd samkvæmt vátryggingunni.
- 2.5 Innlagnar sem hefst innan 90 daga eftir að vátryggingin var tekin eða vátryggður öðlaðist vátryggingarvernd samkvæmt vátryggingunni nema innlögn sé vegna slyss.
- 2.6 Meðferðar er felur í sér blóðskilun eða vegna meðferðar í tengslum við hana.
- 2.7 Flogaveikikasta.
- 2.8 Hvers konar kvíða, geðsjúkdóma, elliglapa, Alzheimer, meðferðar á geðdeild eða geðhjúkrunarheimilum.
- 2.9 Þungunar, fósturmissis (nema sem afleiðing slyss), eða barnsfæðingar og / eða meðferðar sem tengist fæðingarhjálp fyrir og eftir fæðingu.
- 2.10 Fóstureyðingar, ófrjósemi, ófrjósemisaðgerða sem og frjósemisaðgerða og getnaðarvarna.
- 2.11 Innlagnar sem er ekki talin lækisfræðilega nauðsynleg, né heldur vistun sem fer fram á náttúrulækningar-, hressingar-, endurhæfingar, hjúkrunarheimilum og sambærilegum stofnunum.
- 2.12 Innlagnar sem er eingöngu vegna sjúkdóms-greiningar, röntgenmyndatöku eða almennrar lækissskoðunar.
- 2.13 Innlagnar sem á sér stað til forvarnar eða bað- og/eða hvíldarlækningar sem og innlagnir vegna ofþyngdar, þyngdarlækkunar, þyngdarlagfæringar, ofáts eða lystarstols.
- 2.14 Neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna og heldur ekki vegna sjúkdóma eða slyss sem beint eða óbeint má rekja til neyslu lyfja áfengis eða annarra ávana eða fíkniefna.
- 2.15 Slysa sem vátryggður verður fyrir og eru undanskilin í gr. 3.5 til 3.11 í frítímaslysatryggingu vátryggingarinnar.
- 2.16 Í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætluðum- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 2.17 Þátttöku vátryggðs í handalögmálum eða í refsiverðum verknaði.
- 2.18 Fæðingargalla hvort heldur um er að ræða líkamlega eða andlega né heldur meðfæddra sjúkdóma.
- 2.19 Fegrunar- eða lýtaaðgerða, nema lýtaaðgerða vegna slyss sem orðið hafa á vátryggingartímabilinu.

- 2.20 Kynsjúkdóma, alnæmisveirusmit og allra smitandi sjúkdóma sem krefjast einangrunar eða sóttkvíar að lögum.
- 2.21 Innlagningar, sem beint eða óbeint leiðir af eða tengist:
  - 2.21.1 Sýkingu, sem felur m.a. í sér mótefni gegn HIV eða alnæmisveirunni, eða er afleiðing þeirrar sýkingar eða annarra sjúkdóma, lyfja eða heilkenna, sem valda ónæmisbælingu.
  - 2.22.2 Sjúkdómi eða veikindum sem beint eða óbeint stafar af slíku smiti, sjúkdómi eða heilkenni.
- 2.23 Sjúkrahúsdvalar eftir að váttrygging er úr gildi fallin.

### 3. Ákvörðun bóta

---

- 3.1 Áður en hægt er að taka ákvörðun um bætur vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss verður að liggja fyrir vottorð læknis um hvenær sjúkdómurinn var fyrst greindur, upphaf veikinda eða hvenær og hvernig slys átti sér stað.
  - 3.1.1 Bætur eru greiddar þegar fyrir liggur skrifleg staðfesting frá yfirlækni eða öðrum sérfræðingi í læknisfræði á því sjúkrahúsi, sem váttryggður dvaldist á, um lengd sjúkrahúsdvalar og ástæður hennar.
  - 3.1.2 Bætur greiðast í einu lagi eftir að sjúkrahúsdvöl lýkur.

### 4. Aldurstakmörk

---

Váttryggingin gildir fyrir 16 ára og eldri en þó ekki lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs.

## X. Ferðatrygging (Valkvætt)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Efnisyfirlit:

**A. Forfallatrygging**

- 1. Bótasvið
- 2. Ákvörðun bóta

**A. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging**

- 3. Váttryggingin gildir
- 4. Bótasvið
- 5. Ákvörðun bóta

**B. Farangurstrygging erlendis**

- 6. Váttryggðir hagsmunir
- 7. Váttryggingin gildir
- 8. Bótasvið
- 9. Varúðarreglur
- 10. Samsömun
- 11. Undirtrygging
- 12. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns
- 13. Ákvörðun bóta

**C. Farangurstafatrygging**

- 14. Váttryggingin gildir
- 15. Bótasvið
- 16. Varúðarreglur
- 17. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

## A. Forfallatrygging

### 1. Bótasvið

---

Váttryggingin bætir fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna ferðar til útlanda sem hinn váttryggði á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna:

- 1.1 Alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda hins váttryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að váttryggður sé ekki ferðafær. Sama á við ef hinn váttryggði deyr áður en ferð er farin.

- 1.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina váttryggðs.
  - 1.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru váttryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
  - 1.4 Opinberrar sóttkvíar.
  - 1.5 Kvaðningar váttryggðs til að vitna fyrir dómi.
  - 1.6 Starfa sem váttryggður getur ekki komist hjá að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví.
  - 1.7 Þess að váttryggður kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- Váttryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna:**
- 1.8 Sjúkdóms sem var fyrir hendi áður en váttryggingin var tekin eða var til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur.
  - 1.9 Sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma.
  - 1.10 Alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en váttrygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.
  - 1.11 Slysa sem váttryggður verður fyrir og eru undanskilin í gr. 3.5 – 3.11. í frítímaslysstryggu váttryggingarinnar.
  - 1.12 Annarra en þeirra sem njóta váttryggingarverndar samkvæmt gr. 1 í almenna skilmálanum.
  - 1.13 Skuldbindingar til flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótels eða leiguaðila þegar engar greiðslur hafa farið fram.
  - 1.14 Vegna tjóns sem orsakast af því að vanrækt var að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt reyndist að hætta við ferð.
  - 1.15 Flugvallaskatta og annarra gjalda sem sækja má til flutningsaðila.

## 2. Ákvörðun bóta

---

- 2.1 Félagið greiðir samkvæmt reikningi þá fjárhæð sem váttryggður hefur greitt fyrir fram vegna ferðar sinnar.
- 2.2 Váttryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 2.3 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

## B. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis

### 3. Váttryggingin gildir

---

**Váttryggingin gildir:**

- 3.1 Í frítíma á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.
- 3.2 Í starfi, launuðu eða ólaunuðu, á ferðalagi erlendis í 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi ef það tengist viðskiptafundum, skrifstofustörfum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.
- 3.3 Í bóklegu námi erlendis í 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi.

**Hægt er að váttryggja flest störf eða nám sérstaklega, sem falla ekki undir gildissvið 3. gr.**

### 4. Bótasvið

---

**Ef váttryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bætir váttryggingin:**

- 4.1 **Sjúkrakostnað**
  - 4.1.1 Sjúkrahúsvist erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
  - 4.1.2 Læknishjálpi og lyf að læknisráði.
  - 4.1.3 Kvalastillandi tannviðgerðir í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

## 4.2 Aukinn kostnað

- 4.2.1 Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótélvistar þegar læknir álitur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkrafæðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 1% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.
- 4.2.2 Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar váttryggðs að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji læknirinn slíks þörf.
- 4.2.3 Auka ferða- og dvalarkostnað fylgdaraðila þegar váttryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferð sinni ef hann er með í för eða er kvaddur til dvalarstaðar váttryggðs með samþykki ráðgefandi læknis félagsins. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

## 4.3 Sjúkraflutning

Telji læknir sá sem annast hefur váttryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti, nægir félaginu skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að læknirinn telur að flytja verði váttryggða heim með öðrum hætti þarf skriflega staðfestingu ráðgefandi læknis félagsins á flutningnum.

## 4.4 Flutning á látnum

Látist váttryggður á ferð sinni greiðir félagið kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

## 4.5 Kostnað vegna orlofsferðar

- 4.5.1 Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi váttryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímamann greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.
- 4.5.2 Hámark bóta vegna endurgreiðslu orlofsferðar er 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

## 4.6 Kostnað vegna ferðarofs

- 4.6.1 Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna:
  - 4.6.1.1 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina váttryggðs.
  - 4.6.1.2 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um það hvort heimferðar er þörf.
- 4.6.2 Hámark bóta vegna ferðarofs er 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

### Váttryggingin bætir ekki:

- 4.7 Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma, við fæðingu eða fóstureyðingu.
- 4.8 Sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum.
- 4.9 Lyfjakostnað vegna lyfja sem váttryggður hefur notað reglulega áður en ferð var hafin.
- 4.10 Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi læknismeðferðar ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis sem hefur stundað hann og ráðgefandi læknis félagsins.
- 4.11 Sjúkrakostnað lengur en í þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.
- 4.12 Kostnað vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjóngerla, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
- 4.13 Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma eða slysa sem eru undanskilin samkvæmt 3. gr. frítímaslysáttryggingar eftir því sem við á. Þó greiðir félagið kostnað vegna sjúkdóms, slyss eða fráfalls hins váttryggða af völdum matar- eða drykkjareitrunar, sýkingar vegna skordýrabits eða stungu, svo og af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.

## 5. Ákvörðun bóta

---

- 5.1 Félagið greiðir bætur samkvæmt reikningi.
- 5.2 Váttryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.
- 5.3 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.



## C. Farangurstrygging erlendis

### 6. Vátryggðir hagsmunir

---

- 6.1 Vátryggingin tekur til persónulegra lausafjármuna sem hinir vátryggðu hafa með sér á ferðalagi. Úr og skartgripir bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð innbús í hverju tjóni.
- 6.2 Vátryggingin tekur ekki til peninga, farmiða, ferðatékka, ávísana, skuldabréfa eða annarra verðbréfa, handrita og frímerkja.
- 6.3 Vátryggingarfjárhæð skiptist hlutfallslega á hina vátryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeirri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna vátryggðu nemur 10% af vátryggingarfjárhæð innbús en samanlögð vátryggingarfjárhæð getur þó aldrei orðið hærrí en vátryggingarfjárhæð sú sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 7. Vátryggingin gildir

---

#### Vátryggingin gildir:

- 7.1 Á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

### 8. Bótasvið

---

#### Vátryggingin bætir tjón sem verður á hinum vátryggða farangri:

- 8.1 Af völdum bruna.
- 8.2 Vegna þjófnaðar úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum.
- 8.3 Vegna ráns.
- 8.4 Vegna flutningsslyss.
- 8.5 Ef hann týnist alveg í flutningi.
- 8.6 Vegna skemmdarverka.

#### Vátryggingin bætir ekki:

- 8.7 Tjón á brothættum hlutum, svo sem útvarpstækjum, hljómflutningstækjum, sjónvörpum, myndbandstækjum, dvd spilurum, upptökuvélum, myndavélum, gleraugum, postulíni og glervöru, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verður milli farartækja og tjón fæst ekki að lögum bætt úr ábyrgðartryggingu þeirra.
- 8.8 Skemmdir á ferðatöskum og öðrum hlífðartöskum.
- 8.9 Tjón á hlutum vegna þess að þeir rispast, beyglast eða merjast ef það rýrir ekki notagildi þeirra.
- 8.10 Tjón á hlutum ef þeir rifna eða skemmast í notkun, svo sem fatnaður, skíði og önnur íþróttahöld.
- 8.11 Tjón sem stafar af eðlilegu sliti eða galla eða skemmdir sem skaðleg smákvikindi valda, t.d. mölur.
- 8.12 Innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum.
- 8.13 Tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila.

### 9. Varúðarreglur

---

- 9.1 Vátryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.
- 9.2 Vátryggður skal ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- 9.3 Vátryggður skal sjá til þess að hinir vátryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

### 10. Samsömun

---

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 11. Undirtrygging

---

Sé verðmæti farangurs meira en váttryggingarfjárhæðin greiðast bætur hlutfallslega.

## 12. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

---

Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við landingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþoli skal framvísa afriti skýrslunnar, ásamt kvittunum þar sem fram kemur hvort og þá hve mikið var greitt af flugfélaginu, til félagsins þegar tjón er tilkynnt.

## 13. Ákvörðun bóta

---

- 13.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 13.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 13.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 13.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 13.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 13.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 13.6 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 13.7 Minjagildi bætist ekki.
- 13.8 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 13.9 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

## D. Farangurstafatrygging

### 14. Váttryggingin gildir

---

Váttryggingin gildir í áætlunar- eða leiguflugi:

- 14.1 Í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

### 15. Bótasvið

---

- 15.1 Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri ef þeir fá ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 12 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.
  - 15.1.1 Félagið greiðir bætur vegna barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanns.
- 15.2 Félagið greiðir ekki bætur vegna tafa á farangri sem kemur í ljós eftir að til Íslands er komið.
- 15.3 Félagið greiðir ekki bætur ef farangurstöfin uppgötvast innan sama sólarhrings og ferð lýkur á Íslandi.
- 15.4 Félagið áskilur sér rétt til að óska eftir greiðslukvittun vegna útlagðs kostnaðar.

### 16. Varúðarregla

---

Váttryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki þrengri en lágmark viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

## 17. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

---

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.